

Föstudaginn 22. febrúar 1991.

Nr. 312/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Einari Birni Ingvasyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Rán.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1990 að ósk ákærða og einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar refsingar, en meðákærðu vildu una héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt sakavottorð ákærða, dagsett 20. febrúar 1991. Þar kemur fram, að hinn 26. júlí 1990 gekkst ákærði undir sátt í sakadómi Reykjavíkur vegna brota á umferðarlögum, hinn 23. ágúst 1990 var hann dæmdur í sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki gerð sérstök refsing, og loks var hann dæmdur fyrir brot gegn sama hegningarlagaákvæði þann 17. október 1990 í 90 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sbr. og 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga, ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Einar Björn Ingvason.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 30.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. júlí 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 24. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 377 - 380/1990: Ákærvaldið gegn A, Einari Birni Ingvasyni, B og C, sem tekið var til dóms hinn 17. s.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. mars 1990, á hendur ákærðu, A, Einari Birni Ingvasyni, atvinnulausum, kt. 160373-3189, Breiðagerði 21, B og C, öllum til heimilis í Reykjavík, „fyrir rán, samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga, framin í Reykjavík 1989, svo sem rakið er:

#### I.

Ákærðu A, Einari Birni og B er gefið að sök að hafa að kvöldi föstudagsins 12. maí staðið saman að því að ræna Óskar Hilmarrson, kt. 30.11.54-7049, við Langholtsskóla. Ákærðu A og Einar Björn leiddu Óskar, sem var ofurólvi, frá Álfheimabúðinni, Álfheimum 4, að Langholtsskóla, þar sem þeir réðust að honum og veittu honum mörg hnefahögg með þeim afleiðingum, að Óskar hlaut brot á hægra kinnbeini og missti meðvitund. Ákærðu tóku allir af Óskari 2 seðlaveski, sem höfðu meðal annars að geyma tékkhefti og allt að 30.000 krónur, og hurfu af vettvangi í leigubifreið, sem ákærði B pantaði í Álfheimabúðinni, á meðan ákærðu A og Einar Björn réðust á Ómar (sic).

— — —  
Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

#### I.

##### *Málavextir.*

Fimmtudaginn 24. maí (sic) 1989 kom Óskar Hilmarrson, kt. 301154-7049, á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði A, Einar Björn Ingvason og B, ákærðu í máli þessu, fyrir líkamsárás og rán að kvöldi föstudagsins 12. s.m. Í kærinni er haft eftir Óskari, að hann hafi umræddan föstudag stolið seðlaveski af Þorbergi Halldórssyni, kt. 130241-3019, í veitingahúsinu Ölveri í Glæsibæ. Í veskinu voru u.þ.b. 1.000 krónur í reiðufé, tékkhefti og bankakort frá Samvinnuvanka Íslands og tvö greiðslukort frá Eurocard. Síðar um daginn hitti Óskar ákærðu á Hlemmi og bauð þeim á City Hótel, þar sem hann hafði herbergi á leigu. Þar veitti Óskar ákærðu áfengi og skýrði þeim frá stuldinum í Ölveri. Jafnframt sýndi Óskar þeim veskið. Frá hótelinu héldu Óskar og ákærðu í leigubifreið, en hvert þeir fóru, vissi hann ekki. Mundi Óskar næst eftir sér, er hann komst til meðvitundar á

Borgarspítalanum. Uppgötvaði hann þá, að veski hans var horfið ásamt persónuskilríkjum og u.þ.b. 30.000 krónum í reiðufé. Þá hafi einnig verið horfið seðlaveski Þorbergs ásamt áðurgreindum verðmætum.

Við eftirgrennslan RLR kom í ljós, að umræddan föstudag kl. 21.50 hafði verið óskað eftir aðstoð lögreglu að Langholtsvegi 82 hér í borg vegna meðvitundarlausss manns, sem þar lá utan dyra. Að beiðni lögreglunnar kom sjúkrabifreið á vettvang, og flutti hún manninn, Óskar Hilmarsson, á slysadeild Borgarspítalans, þar sem hugað var að meiðslum hans. Í vottorði Einars Ólafsson læknis, dagsettu 18. júlí 1989, segir svo um áverka Óskars:

„Komið var með Óskar á slysadeild 12.5.89 um miðnættið, hafði fundist liggjandi á gangstétt við Holtsapótek, er talsvert ölvaður við komu. Mun hafa lent í líkamsárás og kemur í ljós að hann er með brot hægra megin á andlitsbeinum, hægra kinnbein sem er brotið. Er lagður inn á háls-, nef- og eyrnadeild og 17.5. er í svæfingu gerð aðgerð og kinnbeinið rétt. 24.5. kemur Óskar aftur á göngudeild háls-, nef- og eyrnadeildar, þá eru saumar fjarlægðir, líðan er ágæt og brotendar liggja vel. Finnst þó bitið vera svolítið skakkt og mun fá tíma hjá sínum tannlækni til mats á biti. Síðan hefur sjúklingur ekki verið skoðaður á göngudeild háls-, nef- og eyrnadeildar.“

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Borgarnesi, dagsettri 13. maí 1989, voru ákærðu A og B handteknir um kl. 1.00 aðfaranótt þess dags í samkomuhúsinu við Logaland í Borgarfirði. Hafði þá Kristleifur Gauti Torfason leigubifreiðarstjóri komið að máli við lögregluna og skýrt henni frá því, að hann hefði skömmu áður ekið ákærðu frá Reykjavík að Logalandi og á leiðinni hefðu þeir barið meðákærða Einar Björn og skilið hann eftir í blóði sínu við Kleppjárnsreyki skammt frá Logalandi. A og B voru afar ölvaðir við handtöku og illir viðskiptis. Voru þeir færðir í fangaklefa á lögreglustöðinni í Borgarnesi. Í fórum B fundust 200 krónur í reiðufé og tvö seðlaveski. Í öðru veskinu voru skilríki Óskars Hilmarssonar, tvö greiðslukort frá Eurocard, gefin út á nafn Þorbergs Halldórssonar, og bankakort frá Samvinnubanka Íslands, gefið út á sama nafn. Í hinu veskinu voru skilríki Rósu Drafnar Sigurðardóttur auk persónulegra muna. A var með 5.700 krónur í fórum sínum. Ákærðu bentu lögreglunni jafnframt á tékkhefti frá Samvinnubankanum, sem þeir höfðu falið í bifreið lögreglunnar.

Þá segir í sömu skýrslu, að lögreglan hafi fundið ákærða Einar Björn á rangli við Kleppjárnsreyki, og hafi hann verið afar ruglaður, ölvaður og illa til reika. Var því fengin sjúkrabifreið til að flytja hann á heilsugæslustöðina í Borgarnesi, og þaðan var farið með hann á sjúkrahúsið á Akranesi.

Ákærðu A og B voru yfirheyrdir af lögreglunni í Borgarnesi að kvöldi

laugardagsins 13. maí. Lágu þá fyrir upplýsingar um stuldinn á seðlaveski Þorbergs Halldórssonar, en svo virðist sem lítið eða ekkert hafi verið vitað um aðförina að Óskari Hilmarssyni. Ákærði B skýrði frá málsatvikum á þann veg, að hann hefði verið með A á Hlemmi síðdegis á föstudeginum og hitt þar meðákærða Einar Björn og Óskar, sem ákærði kvaðst ekki þekkja fyrir. Óskar hefði boðið ákærðu á City Hótel, þar sem hann síðan veitti þeim áfengi. Fljótlega eftir að komið var á hótelið, hefði Óskar sagt ákærðu frá því, að hann hefði stolið seðlaveski fyrir um daginn, og sýndi þeim tékkhefti og bankakort frá Samvinnubankanum og tvö greiðslukort frá Eurocard. Voru öll kortin gefin út á nafn Þorbergs Halldórssonar. Ákærði kvað Óskar hafa viljað falsa tékka úr heftinu, og hefði A útfyllt einn tékka, að fjárhæð kr. 2.000, og gefið hann út í nafni Þorbergs. Skömmu síðar hefðu ákærðu og Óskar farið með leigubifreið að Hlemmi, þar sem þeir dvöldust skamma hríð, en tóku sér síðan far með annarri leigubifreið að Álftheimabúðinni. Er þangað kom, hefðu ákærðu farið með Óskar bak við búðina að Langholtsskóla, og þar börðu þeir Óskar í sameiningu og tóku af honum framangreint seðlaveski, sem hafði að geyma tékkheftið, bankakortið og greiðslukortin auk skilríkja Óskars og u.þ.b. 15.000 krónur í reiðufé. Aðspurður skýrði ákærði frá því, að tilgangurinn með því að fara með Óskar að skólanum hefði verið sá einn að ræna hann, og áttu ákærðu þar allir jafnan hlut að máli. Peningunum hefðu ákærðu síðan skipt jafnt á milli sín, en A fengið tékkheftið að auki. Ákærði mundi hins vegar ekki, hver þeirra hefði fengið í hendur veskið með greiðslukortunum. Ákærði kvað Óskar hafa legið meðvitundarlausan á jörðinni, er þeir félagar yfirgáfu hann og fóru inn í Álftheimabúðina. Þar hafi ákærði beðið afgreiðslumanninn að hringja eftir leigubifreið, og er hún var komin, hefði verið ákveðið að fara á dansleik í Logalandi. Bifreiðarstjórinn hefði hins vegar ekki verið reiðubúinn að aka ákærðu þangað, og skiptu þeir því um leigubifreið. Ákærði kvað þá féлага hafa greitt bifreiðarstjóranum 10.000 krónur fyrir fram fyrir aksturinn að Logalandi, og hefði síðan verið ætlunin að greiða afganginn með tékka, ef til þess kæmi, að ákærðu færu með bifreiðinni til baka. Ákærði dró ekki fjöður yfir það, að hann hefði í félagi við A barið Einar Björn í leigubifreiðinni og skilið hann eftir illa til reika í vegarkantinum skammt frá Logalandi.

Ákærði A skýrði lögreglunni frá því, að hann og B hefðu verið á Hlemmi síðdegis á föstudeginum og hitt þar meðákærða Einar Björn og nefndan Óskar, sem ákærði þekkti ekki fyrir. Óskar hefði boðið ákærðu með sér á City Hótel, þar sem hann veitti þeim áfengi og sýndi þeim tékkhefti og greiðslukort, sem hann kvaðst hafa stolið. Að beiðni Óskars hefði ákærði geymt heftið og falsað úr því einn tékka, að fjárhæð kr. 2.000, sem hann afhenti Óskari. Frá hótelinu hefðu fjörmennirnir síðan farið með leigu-

bifreið að bílaleigunni Geysi, þar sem þeir hugðust leigja sér bifreið, en urðu frá að hverfa sökum þess, hve ölvaður Óskar var orðinn. Vildi Óskar þá fara og heimsækja einhvern að Sólheimum 27, og héldu þeir þangað, en stoppuðu áður við Álfheimabúðina. Voru ákærðu þá búnir að sam-mælast um að ræna af Óskari seðlaveskinu með greiðslukortunum og pen-ingunum. Ákærði fór síðan með Óskar bak við Álfheimabúðina og inn í port við Langholtsskóla, þar sem hann barði Óskar eitt högg í magann. Einar Björn kom á vettvang skömmu síðar, og „tók hann við og réðst á Óskar og barði hann niður“, en á meðan fór ákærði inn í Álfheimabúðina og náði í B. Er ákærði kom aftur á vettvang með B, lá Einar Björn ofan á Óskari og hafði náð af honum veskinu. Ákærðu skildu síðan við Óskar liggjandi á jörðinni og yfirgáfu vettvang í leigubifreið, sem B hafði pantað í Álfheimabúðinni. Var síðan ætlun þeirra að fara á dansleik í Logalandi, en áður urðu þeir að skipta um leigubifreið, þar sem bifreiðarstjórinn vildi ekki fara í svo langa ferð. Kristleifur Gauti hafi hins vegar verið reidubúinn að aka þeim, en vildi fá 15.000 krónur fyrir vikið. Ákærði og B hefðu því látið hann fá 10.000 krónur úr veski því, sem þeir höfðu tekið af Óskari, en Einar Björn hafi ekki viljað greiða 5.000 krónur til viðbótar, og upp-höfst því rifrildi, sem lauk með því, að ákærði og B börðu Einar Björn og skildu við hann liggjandi á þjóðveginum við Kleppjárnsreyki.

Ákærði Einar Björn var fyrst yfirheyrður um mál þetta hjá RLR þann 30. maí 1989. Ákærði skýrði frá því, að hann hefði verið með Óskari Hilmarsyni á Hlemmi umræddan dag, er þeir hittu meðákærðu A og B. Fóru þeir skömmu síðar á City Hótel, þar sem neytt var áfengis í boði Óskars. Ákærða minnti, að Óskar hefði þar skýrt ákærðu frá því, að hann hefði tekið tékkhefti af einhverjum manni í Ölveri. Ákærði sá hins vegar ekki tékkheftið og vissi ekki til þess, að nokkur hefði falsað tékka úr heftinu í hótélherberginu. Frá hótelinu hélt hópurinn í leigubifreið að Hlemmi. Stakk ákærði þá upp á því, að þeir færu að Logalandi, en eftir það kvaðst ákærði ekkert muna eftir sér, fyrr en hann rankaði við sér á lögreglustöð-inni á Akranesi. Nokkrum dögum síðar hefði ákærði svo hitt meðákærðu, og skýrðu þeir honum frá því, að þeir hefðu þrír í sameiningu rænt Óskar.

Ákærðu voru yfirheyrðir af RLR í febrúarmánuði síðastliðnum. Var fyrst tekin skýrsla af ákærða B, en hann var á þeim tíma vistmaður í Hlað-gerðarkoti í Mosfellssveit. Ákærði kvaðst ekki hafa neinu við fyrri fram-burð sinn að bæta öðru en því, að eftir að Óskar var orðinn rænulaus, hefði ákærði ýtt við höfði hans með öðrum fæti til að athuga, hvort hann myndi hrayfa sig. Sú hefði ekki orðið raunin. Annað kvaðst ákærði ekki hafa gert „í þessari árás þarna á Óskar“. Ákærða var síðan kynntur fram-burður meðákærða A við skýrslugjöf hjá lögreglunni í Borgarnesi, og kvað ákærði framburð A vera réttan, hvað sig varðaði. Ákærða var því næst

sýnt áverkavottorð vegna meiðsla Óskars, og kvaðst hann aðspurður ekkert vita, hvernig meðákærðu börðu Óskar, þar sem allt hefði verið yfirstaðið, er hann kom á vettvang. Fleira sagðist ákærði ekki hafa um mál þetta að segja og kvaðst vera búinn að skýra frá málsatvikum svo vel sem hann framast gæti.

Ákærði A lýsti því yfir við upphaf skýrslutöku hinn 12. febrúar, að hann hefði engu við fyrri framburð sinn að bæta, enda kæmi þar allt fram, sem hann hefði um mál þetta að segja. Ákærða var því næst kynntur framburður meðákærða B við skýrslugjöf hjá RLR, og kvað ákærði það rétt, sem B segði í skýrslunni, að það hefðu verið ákærði og Einar Björn, sem barið hefðu Óskar. Ákærði lýsti síðan árásinni á þann veg, að hann hefði slegið Óskar í magann og síðan gefið honum tvö eða þrjú högg í andlit, svo að Óskar „steinlá“. Eftir þetta hefði ákærði farið inn í Álfheimabúðina til að ná í B, en Einar Björn orðið eftir hjá Óskari. Er ákærði kom á vettvang að nýju í fylgd með B, hefði Einar Björn legið ofan á Óskari og verið að taka seðlaveskið af honum. Jafnframt hefði Einar Björn verið að þjarma að Óskari, en ákærði gat ekki skilgreint nánar, í hverju þetta hefði verið fólgið. Ákærði tók sérstaklega fram, að Einar Björn hefði orðið vitni að því, er ákærði sló Óskar, en hins vegar hefði ákærði ekki orðið var við það, að Einar Björn berði Óskar, þar sem ákærði hvarf af vettvangi til að ná í B.

Ákærði Einar Björn gaf skýrslu sama dag. Hann kvað atburði umrædds kvölds ekkert hafa rifjast upp fyrir sér og tók sérstaklega fram, að hann hefði verið í miklu „rugli“ á þessum tíma og því fljótur að „detta út“.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins hinn 20. apríl sl. og kvaðst þá hvorki geta játað á sig sök né neitað, þar sem hann hefði fengið „blackout“ umræddan dag. Ákærði mundi þó eftir því að hafa hitt Óskar Hilmarsson á Hlemmi og farið með honum á City Hótel, þar sem þeir „drukku stíft“. Þaðan fóru þeir aftur á Hlemm og hittu meðákærðu B og A. Fóru þeir síðan fjórir saman á City Hótel, þar sem neytt var frekara áfengis. Frá hótelinu héldu þeir síðar í leigubifreið að Álfheimabúðinni, og mundi ákærði, að einhver stakk upp á því á leiðinni, að hópurinn færi á dansleik í Logalandi. Ekki mundi ákærði, af hverju farið var að Álfheimabúðinni í upphafi, en rámaði í það, að ákærðu hefðu sammælst um að ræna Óskar. Ákærði vissi þó ekki, hvenær ákærðu ræddu þetta, ef þeir þá gerðu það, og vildi ekkert um þetta fullyrða, þar sem hann myndi afar óljóst eftir þessu atriði. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir því, hvað gerðist, eftir að komið var að búðinni, og mundi það næst, er hann vaknaði í fanga-geymslu lögreglunnar á Akranesi. Ákærði kvaðst aðspurður hafa vitað, að Óskar ætti einhverja peninga, þar sem hann hefði sýnt ákærða veski með tékkhefti og „einhverjum fimmbúsundköllum“ í, er þeir voru á hótelinu

fyrir um daginn. Sjálfur kvaðst ákærði ekki hafa átt neina peninga umræddan dag.

Ákærði B kom einnig fyrir dóm á þingfestingardegi og neitaði þá allri aðild að ætluðu ráni. Ákærði skýrði síðan frá málsatvikum á þann veg, að ákærðu hefðu umræddan föstudag farið á City Hótel ásamt Óskari Hilmarssyni og drukkið þar áfengi í boði hans. Óskar hefi skýrt ákærðu frá stuldinum á seðlaveski Þorbergs Halldórssonar og jafnframt sýnt þeim veskið, sem hafði að geyma tékkhefti, bankakort og 15.000 krónur í reiðufé. Frá hótelinu hefði verið farið með leigubifreið að Álflheimabúðinni, þar sem ákærði fór inn til að versla, en á meðan gengu meðákærðu og Óskar aftur fyrir búðina í átt að Langholtsskóla. Bar ákærði, að hann hefði þá ekki haft hugmynd um það, að meðákærðu hefðu ætlað að ráðast á Óskar, og kvað slíkt ekki hafa verið rætt ákærðu í milli, hvorki í leigubifreiðinni né eftir að komið var að Álflheimabúðinni. Er ákærði hafði lokið við að versla, hefði hann gengið til hinna, og lá Óskar þá rænulaus á malbikuðum knattspyrnuvelli við skólann. Ekki veitti ákærði því athygli, hvort veski væri tekið af Óskari. Hann kvaðst hafa ýtt við höfði Óskars með öðrum fæti, en því næst farið aftur inn í Álflheimabúðina og hringt eftir leigubifreið. Ákærðu hefðu síðan ákveðið að fara á dansleik í Logalandi. Ekki minntist ákærði þess, að rætt hefði verið um það fyrir fram, hvernig greiða ætti fyrir aksturinn, en kvaðst hafa haft í hyggju að semja við leigubifreiðarstjórnann um greiðslu og setja jafnvel einhver verðmæti í pant. Ákærði bar, að hann hefði átt 5.000 krónur, er lagt var af stað, en vissi þá ekki, hvort meðákærðu ættu einhverja peninga. Er komið var að Logalandi, hefði hann síðan komist að því, að meðákærði A átti 15.000 krónur, en ekki vissi ákærði, hvar hann hafði fengið þá peninga. Ákærði minntist þess ekki, að rætt hefði verið um það í leigubifreiðinni, hvað komið hefði fyrir Óskar, og sjálfur innti hann meðákærðu ekki eftir því.

Þegar skýrslur ákærða við lögreglurannsókn málsins voru bornar undir hann, kvað ákærði framburð sinn hjá lögreglu vera rangan og fullyrti, að ákærðu hefðu aldrei sammælst um að ræna Óskar Hilmarsson. Benti ákærði sérstaklega á, að hann hefði verið undir áhrifum lyfja við yfirheyrslu RLR í Hlaðgerðarkoti.

Ákærði A var yfirheyrður fyrir dómi 11. maí sl. Ákærði viðurkenndi afdráttarlaust aðild sína að ætluðu ráni og kvað háttsemi sinni vera rétt lýst í ákæruskjali. Ákærði kvaðst hins vegar aðeins muna eftir því, að eitt seðlaveski hefði verið tekið af Óskari, og tók sérstaklega fram, að í veskinu hefðu aðeins verið 15.000 krónur í reiðufé auk tékkheftis og a.m.k. tveggja greiðslukorta. Ákærði skýrði frá helstu málsatvikum á sama veg og við lögreglurannsókn málsins allt fram að því, er ákærðu og Óskar fóru með leigubifreið frá bílaleigunni Geysi áleiðis að Álflheimabúðinni. Á leiðinni

þangað kvaðst ákærði hafa fært það í tal við meðákærða Einar Björn, að þeir skyldu berja Óskar og taka af honum veskið. Meðákærði B hefði síðan samþykkt að vera með í þessari ráðagerð, sem rædd var í bifreiðinni, en ákærðu hefðu setið saman í aftursæti hennar. Ákærði bar, að þrátt fyrir það að B hefði fallist á ráðagerðina um að „ræna“ Óskar, hefði hann tekið skýrt fram, að hann vildi ekki eiga þátt í neinu ofbeldi, og því hefði hann farið inn í Álfrheimabúðina, á meðan ákærði og Einar Björn leiddu Óskar að Langholtsskóla og „börðu hann niður“. Ákærði lýsti árásinni nánar á þann veg, að hann hefði í fyrstu reynt að taka veskið af Óskari án þess að beita líkamlegu ofbeldi, en er Óskar þráaðist við, hefði ákærði slegið hann eitt högg á magann og síðan a.m.k. eitt högg í andlitið. Að svo búnu hefði ákærði hlaupið inn í Álfrheimabúðina til að ná í B, en á meðan réðst Einar Björn á Óskar. Var hann þá með fullri meðvitund, en ekki mundi ákærði, hvort hann hefði staðið eða legið á jörðinni. Er ákærði kom til baka með B, hefði Einar Björn hins vegar setið ofan á Óskari og verið að „tuska hann til“. Ákærði bar í fyrstu, að hann hefði þá séð Einar Björn greiða Óskari eitt hnefahögg, sem líklega hefði komið í andlit Óskars, en vildi síðar ekki fullyrða, hvort Einar hefði slegið Óskar fyrir eða eftir, að ákærði náði í B. Þá hefði Einar Björn hins vegar verið búinn að ná af honum veskinu, og sýndi hann meðákærðu það fyrst, er þeir voru komnir að Álfrheimabúðinni. Ákærði kvaðst ekki hafa veitt því sérstaka athygli, hvort Óskar væri með meðvitund, er ákærðu yfirgáfu vettvang. Ákærði bar, að þeir félagar hefðu því næst hringt eftir leigubifreið, en eftir að hafa kynnt sér framburð sinn við skýrslugjöf í Borgarnesi, treysti ákærði sér ekki til að fullyrða, hvort svo hefði verið eða hvort B hefði verið búinn að panta leigubifreiðina, er þeir yfirgáfu Óskar. Ákærðu hefðu síðan ákveðið að fara á dansleik í Logalandi, en ekki mundi ákærði, hvernig eða hversu mikið þeir greiddu bifreiðarstjóranum fyrir aksturinn. Ákærði bar, að þeir félagar hefðu skipt á milli sín þeim peningum, sem voru í veski Óskars, og fékk hver þeirra í sinn hlut 5.000 krónur. Ákærði kvaðst sjálfur hafa átt um 4.000 krónur fyrir ránið.

Við samprófun ákærðu A og B fyrir dómi sama dag hélt B fast við fyrri framburð sinn fyrir dómi, en tók þó aðspurður fram, að meðákærðu hefðu skýrt honum frá því í leigubifreiðinni, að þeir hefðu tekið seðlaveski af Óskari. Hins vegar hefði ekkert verið rætt um það, með hvaða hætti þeir náðu veskinu. A kvaðst ekki mótmæla framburði B og treysti sér ekki lengur til að fullyrða, að ákærðu hefðu sammælst um það í leigubifreiðinni að ræna Óskar. Hins vegar rámaði ákærða í það. Ákærði bar í beinu framhaldi, að hann myndi í raun alls ekkert eftir málsatvikum, eftir að komið var að Álfrheimabúðinni, og kvað framburð sinn fyrir dómi um árásina á Óskar vera ágiskun eina.

Vegna framburðar ákærða B um það, að hann hefði verið undir áhrifum lyfja við yfirheyrsluna í Hlaðgerðarkoti, þótti ástæða til að fá hann aftur fyrir dóm hinn 16. júlí sl. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði fengið einhver taugastillandi lyf, meðan á dvöl hans stóð í Hlaðgerðarkoti, en mundi ekki nákvæmlega, hvenær hann fékk lyfin eða í hvaða mæli. Ákærði bar, að áhrif þessara lyfja hefðu verið róandi og sljógvandi, en þrátt fyrir þetta kunni hann enga skýringu á því, af hverju hann játaði á sig umrætt brot við yfirheyrsluna. Rannsóknarlögreglumaðurinn, sem yfirheyrði hann, hefði spurt hann út í kæruefnið, og svaraði ákærði þeim spurningum. Viðkomandi skýrsla var borin undir ákærða, sem kvað rétt eftir sér haft.

Er ákærði var inntur nánar eftir yfirheyrslunni í Borgarnesi, kvaðst hann hafa verið „þunnur“ við skýrslutökuna og muna ósköp lítið eftir þessu. Ákærði gat enga skýringu gefið á frásögn sinni hjá lögreglu og staðfesti, að rétt hefði verið eftir sér haft í skýrslunni.

Vitnið Gunnleifur Kjartansson lögreflufulltrúi, kt. 290141-4439, hefur borið fyrir dómi, að það hafi annast yfirheyrslu á ákærða B í Hlaðgerðarkoti hinn 5. febrúar sl. Vitnið kvað sér vera minnisstætt, hve vel ákærði var á sig kominn, og fullyrti, að ákærði hefði ekki borið nein merki lyfjaáhrifa við skýrslutökuna.

Vitnið Gunnlaugur Sigurgeirsson, starfsmaður í Hlaðgerðarkoti, kt. 140437-3609, hefur borið, að það hafi greint sinn verið fengið til að votta gerð framangreindrar skýrslu. Vitnið kvað ákærða hafa verið vel á sig kominn umræddan dag og bar ekki nein merki lyfjaáhrifa að mati vitnisins.

Vitnið Ágúst Ólason, umsjónarmaður í Hlaðgerðarkoti, kt. 271262-3969, skýrði frá því fyrir dómi, að ákærði hefði komið til dvalar í Hlaðgerðarkoti föstudaginn 2. febrúar sl. Ákærði hefði verið í það góðu ástandi, að ekki þótti ástæða til að gefa honum fráhrifslýf nema fyrsta kvöldið, er honum var gefið í tvö skipti 50 mg af librium, og annaðist vitnið þá lyfjagjöf sem og aðrar lyfjagjafir á heimilinu. Önnur lyf hefði ákærði ekki fengið, meðan á dvöl hans stóð.

Vitnið Kristleifur Gauti Torfason leigubifreiðarstjóri, kt. 310358-2319, hefur skýrt svo frá, að það hafi greint sinn ekið ákærðu frá Reykjavík að Logalandi og fengið 10.000 krónur fyrir aksturinn, sem greiddar voru fyrir fram. Ekki mundi vitnið, hver ákærðu greiddi þessa fjárhæð, né heldur, hvort þeir hefðu gert það fleiri en einn. Vitnið kvað ákærðu hafa verið ölvaða og hressa í bragði, er þeir settust inn í leigubifreiðina á Langholtsvegi, en undir Hafnarfjalli byrjuðu þeir að rifast og slást í bifreiðinni. Lauk þeim viðskiptum þannig, að einn ákærðu var skilinn eftir við vegarbrúnina skammt frá Logalandi.

Vitnið Óskar Hilmarsson hefur borið fyrir dómi, að það hafi umræddan dag hitt ákærðu á Hlemmi og boðið þeim á City Hótel, þar sem þeir neyttu

allir áfengis. Meðan þeir voru á hótelinu, sýndi vitnið ákærðu tékkhefti og greiðslukort, sem vitnið hafði stolið fyrir um daginn. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt, hvað orðið hefði um þessi verðmæti eftir það, en einhver þeirra fjögurra hefði verið með þau í fórum sínum, er farið var frá hótelinu. Þá fullyrti vitnið, að það hefði verið með seðlaveski sitt á sér, er þeir lögðu af stað, og kvað vinnulaun sín, 30 - 40.000 krónur, hafa verið í veskinu auk skilríkja. Hins vegar mundi vitnið ekki, hvort það hefði verið með eitt seðlaveski eða tvö, er farið var frá hótelinu. Vitnið kvaðst síðan muna það næst, er það vaknaði á Borgarspítalanum.

#### *Niðurstaða.*

Svo sem áður er rakið, voru ákærðu B og A handteknir í Borgarfirði aðeins nokkrum klukkustundum eftir, að Óskar Hilmarsson fannst meðvitundarlaus við Holtsapótek á Langholtsvegi. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var ákærði B þá með seðlaveski Óskars í fórum sínum, sem í voru persónuskilríki hans og greiðslukort og bankakort á nafni Þorbergs Halldórssonar. Við yfirheyrslu tæpum sólarhring síðar játaði ákærði B afdráttarlaust að hafa í félagi við meðákærðu ráðist á Óskar og barið hann í því skyni að taka af honum seðlaveski. Er þessi framburður ákærða svo og frásögn hans af málsatvikum að öðru leyti í fullu samræmi við frásögn ákærða A við yfirheyrslu sama kvöld. Af gögnum málsins má ráða, að lögreglan í Borgarnesi hafi þá verið búin að fá vitneskju um stuldinn á seðlaveski Þorbergs Halldórssonar, en svo virðist sem lítið eða ekkert hafi verið vitað um árásina á Óskar Hilmarsson. Þykir þetta styrkja mjög játningu ákærðu fyrir lögreglu. Á hinn bóginn er á það að líta, að lögreglumanni þeim, sem yfirheyrði ákærða B, láðist að gæta ákvæða 4. mgr. 61. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þar sem ákærði staðfesti þennan framburð í öllum meginatriðum við yfirheyrslu hjá RLR, þykir það ekki draga úr sönnunargildi játningarinnar í Borgarnesi, þótt ákærða hafi ekki verið gefinn kostur á réttargæslumanni.

Ákærði B hefur ekki gefið haldbæra skýringu á því, af hverju hann breytti framburði sínum fyrir dómi, og hefur ekkert komið fram í málinu, sem rennir stoðum undir breytingu hans, svo að marktækt sé. Þá hefur ekkert komið fram, sem styður þá fullyrðingu ákærða, að hann hafi verið undir áhrifum lyfja við yfirheyrslu hjá RLR í Hlaðgerðarkoti. Framburður vitna um líkamlegt ástand hans og hegðun umræddan dag bendir hins vegar eindregið til hins gagnstæða.

Ákærði A hefur játað fyrir dómi að hafa fært það í tal við meðákærðu, áður en komið var að Álheimabúðinni, að þeir skyldu berja Óskar Hilmarsson og taka af honum seðlaveski. Meðákærðu hafi fallist á ráðagerðina, en B tekið skýrt fram, að hann vildi ekki eiga þátt í neinu ofbeldi.

Kveður ákærði þetta vera ástæðuna fyrir því, að B fór inn í Álfheimabúðina, á meðan ákærði og Einar Björn leiddu Óskar í átt að Langholtsskóla. Ákærði er einn til frásagnar um það, hvað gerðist eftir þetta, og ber, að hann hafi í fyrstu reynt að taka veskið af Óskari án þess að beita hann líkamlegu ofbeldi, en er Óskar þráaðist við, hefði ákærði slegið hann eitt högg í magann og síðan a.m.k. eitt högg í andlitið. Einar Björn hefði því næst veist að Óskari, en ákærði farið að ná í B, og er hann kom aftur á vettvang, hefði Einar Björn setið ofan á Óskari og verið að „tuska hann til“. Hefði Einar Björn þá verið búinn að ná veskinu af Óskari, og sýndi hann félögum sínum það skömmu síðar. Ákærði bar, að í veskinu hefðu verið tékkhefti, greiðslukort og 15.000 krónur í reiðufé, sem ákærðu skiptu jafnt á milli sín. Þegar virtur er þessi framburður ákærða, sem stoð fær í frásögn hans við lögreglurannsókn málsins, þykja óyggjandi sönnur fram komnar fyrir því, að ákærði hafi gerst sekur um rán samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga, og þykir þar engu breyta framburður hans við samprófun við ákærða B.

Ákærði Einar Björn hefur borið fyrir sig minnisleysi um málsatvik, eftir að komið var að Álfheimabúðinni, en vefengdi þó ekki að hafa verið með í ráðum við skipulagningu brotsins og síðar framkvæmd þess með A. Þykir því með framburði A um þátttöku ákærða, sem stoð fær í gögnum málsins, sök hans nægilega sönnuð, og varðar brot ákærða sömuleiðis við 252. gr. hegningarlaganna.

Ákærði B fór með meðákærðu og Óskari í leigubíreið að Álfheimabúðinni. Þegar skýrslur ákærða við lögreglurannsókn málsins eru virtar heildstætt svo og framburður meðákærða A við rannsókn og meðferð málsins, þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi verið með í ráðum við undirbúning brotsins og honum þá mátt vera ljóst, að til ofbeldis gæti komið. Þá er og sannað, að ákærði hafi notið ávinnings af brotinu með meðákærðu. Þykir ákærði með framangreindri háttsemi sinni hafa brotið gegn 252. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Ákærðu er í ákæruskjali gefið að sök að hafa tekið tvö seðlaveski af Óskari Hilmarssyni, sem hafi meðal annars haft að geyma tékkhefti og 30.000 krónur í reiðufé. Með vísan til framburðar ákærða A fyrir dómi, sem stoð fær í framburði vitnisins Óskars Hilmarssonar svo og öðrum gögnum málsins, þykir hins vegar ósannað, að ákærðu hafi tekið nema eitt seðlaveski. Þá er ósannað, að í veskinu hafi verið meira en 15.000 krónur í reiðufé auk persónuskilríkja Óskars og tveggja greiðslukorta, tékkheftis og bankakorts á nafni Þorbergs Halldórssonar, en síðastgreind verðmæti fundust öll í fórum ákærðu B og A við handtöku í Borgarfirði, svo sem áður er rakið.

*Refsing.*

Ákærði Einar Björn hefur ekki áður hlotið dóm fyrir hegningarlaga brot, en tvívegis á þessu ári lokið kærumálum vegna minni háttar brota með dómsátt, og ber því einnig að ákvarða honum refsingu í máli þessu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Þegar litið er til þess, að ákærði var aðeins 16 ára, er hann framdi brot sitt, þykir mega færa refsingu hans niður úr lágmarki refsingar skv. 252. gr. hegningarlaga, og þykir hún með hliðsjón af 70. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

*Sakarkostnaður.*

Dæma ber ákærðu A, Einar Björn og B til að greiða óskipt saksóknarlausn til ríkissjóðs, sem þykja hæfilega ákveðin 100.000 krónur. Ákærði A greiði einnig Kristjáni Stefánssyni hdl., krónur 20.000 í réttargæsluþóknun og verjanda sínum, Jóni Oddssyni hrl., krónur 90.000 í málsvarnarlausn. Sömu fjárhæð greiði ákærði Einar Björn verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., en málsvarnarlausn lögmannsins vegna ákærða C, krónur 40.000, skulu greiðast úr ríkissjóði. Loks greiði ákærði B verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., málsvarnarlausn að fjárhæð kr. 100.000. Annan sakarkostnað greiði ákærðu A, Einar Björn og B óskipt.

## D ó m s o r ð:

Ákærði A sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Einar Björn Ingvason sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði B sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði C er sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Ákærðu A, Einar Björn og B greiði saksóknarlausn til ríkissjóðs, krónur 100.000, óskipt.

Ákærðu greiði skipuðum verjendum sínum málsvarnarlausn sem hér segir:

Ákærði A Jóni Oddssyni hrl. kr. 90.000, ákærði Einar Björn Hilmari Ingimundarsyni hrl. kr. 90.000 og ákærði B Kristjáni Stefánssyni hdl. krónur 100.000. Ákærði A greiði að auki Kristjáni Stefánssyni krónur 20.000 í réttargæsluþóknun.

Málsvarnarlausn Hilmars Ingimundarsonar hrl. vegna ákærða C, krónur 40.000, greiðist úr ríkissjóði.

Annar sakarkostnað greiði ákærðu A, Einar Björn og B óskipt.